

Hvað er HLJÓM-2 og hvað er það að meta?

HLJÓM-2 er aldursbundin skimun til að athuga hljóð- og málvitund elsta árgangs leikskólabarna. Þegar það er lagt fyrir þurfa börnin að vera orðin 4 ára, 9 mánaða og 16 daga og ekki eldri en 6 ára, 1 mánaða og 15 daga. Niðurstöður eru reiknaðar út frá nákvæmum aldri barnsins og gefa til kynna; góða færni, meðalfærni, slaka færni eða mjög slaka færni.

Aðaltilgangur HLJÓM-2 er að finna sem fyrst þau börn sem eru með frávik í málþroska svo hægt sé að grípa inn í með snemmtækri íhlutun og draga þannig úr áhættu á lestrarerfiðleikum síðar meir.

Með þjálfun hljóðkerfisvitundar byggjum við góðan grunn fyrir lestrarnám og almennt námsgengi og því er mikilvægt að fylgjast vel með framvindu hvers og eins.

Þættirnir sem metnir eru í HLJÓM-2 eru:

Rím – þar sem barnið á að ríma orð sem það heyrir við eina af þremur myndum sem því hafa áður verið kynntar. Dæmi: *ás – úr – ól*, hvaða mynd rímar við hás? (*ás*).

Samstöfur – barnið hlustar og klappar atkvæðin í orðunum. Dæmi: *Sæ – mund – ur*. (3 atkvæði).

Samsett orð – barnið heyrir tvö orð og á að setja orðin saman í eitt. Dæmi: Hvaða orð býrð þú til ef þú setur saman *rúm* og *teppi*? (*rúmteppi*).

Hljóðgreining – barnið er beðið að hlusta eftir hljóðum í orði. Dæmi: Segja nafn barnsins hægt og skýrt og spyrja síðan heyrir (hljóðið) í nafninu þínu?

Margræð orð – hér á barnið að greina hvaða tvær myndir af fjórum nota orð sem hljóma hljóðfræðilega eins eða næstum eins. Dæmi: Hér eru fjórar myndir; *pera* (ávöxtur), *belti*, *pakki* og *ljósa-pera*, hvaða tvær myndir nota sama orðið? (*pera/ljósapera*).

Orðhlutaeyðing – barnið á að segja hvaða orð verður eftir ef fyrri hluta samsetts orð er sleppt. Dæmi: Hvaða orð verður eftir ef þú tekur *rúm* burt af *rúmteppi*? (*teppi*).

Hljóðtenging – hér tengir barnið tvö til þrjú málhljóð heyrnrænt saman í orð. Dæmi: Hvaða orð er þetta ú-r (segja hljóðin með u.þ.b. sekúndu millibili) (*úr*).

Tvítýngd börn eru að ná tókum á hljóðkerfisvitund á fleiri en einu tungumáli og því getur það tekið lengri tíma en hjá þeim sem eru eingöngu að tileinka sér eitt tungumál.

Ef barn kemur út með slaka eða mjög slaka færni þarf að skoða nánar hvað liggur að baki og hvernig staðan er á þeirra eigin tungumáli ef það er annað en íslenska.

Þau börn sem mælast með slaka eða mjög slaka færni þurfa auka þjálfun í hljóðkerfisvitund ýmist einstaklingslega eða í hópi.

Dagleg þjálfun, heima og í leikskóla, hjálpar börnum að ná tókum á þessum þáttum.